Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefnd
Smiðju – Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2026

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Byggðastofnun, nr. 106/1999 (lagfæringar), 156. mál, þskj. 157

Inngangur

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Innan samtakanna eru póstrekendur sem lúta eftirliti Byggðastofnunar og greiða rekstrargjald samkvæmt 43. gr. laga nr. 98/2019 um póstþjónustu. Samtökin hafa því beina hagsmuni af því að sjálfstæði og fjárhagslegt gagnsæi eftirlitsins sé tryggt.

Samtökin skiluðu umsögn um frumvarpsdrögin í samráðsgátt 30. júní 2026, mál nr. S-79/2026 og tekur meðfylgjandi umsögn mið af þeim sjónarmiðum sem þar komu fram, auk viðbragða við þeirri umsögn sem finna má í greinargerð með frumvarpi þessu.

Sjálfstæðisákvæðið er of þröngt

Samkvæmt d-lið 1. gr. verður stofnunin sjálfstæð gagnvart ráðherra „við eftirlit með póstþjónustu“. Í greinargerð segir hins vegar að ráðherra geti ekki gefið fyrirmæli um „starfrækslu og fjárreiður póstþjónustu“. Lagatextinn er því þrengri en skýringarnar.

Samkvæmt 6. mgr. 2. gr. laga um Byggðastofnun annast stofnunin bæði framkvæmd laga um póstþjónustu og eftirlit með póstþjónustu. Sama leiðir af 3. gr. laga nr. 98/2019 um póstþjónustu, þar sem verkefni Byggðastofnunar á sviði póstmála eru víðtækari en eftirlit eitt og sér.

Í greinargerð er einnig tekið sem dæmi að forstjóri þurfi ekki lengur að gera tillögu til stjórnar um póstþjónustu samkvæmt a-lið 2. tölul. 6. gr. laganna. Sá stafliður fjallar hins vegar um starfsskipulag og er felldur brott samkvæmt 3. gr. frumvarpsins sjálfs. Dæmið skýrir því ekki sjálfstæð áhrif ákvæðisins gagnvart öðrum verkefnum stjórnar.

Vald stjórnar yfir fjármunum og starfsáætlun er óskýrt

Þótt frumvarpið mæli fyrir um að póstmálefni heyri ekki undir stjórn stofnunarinnar mun stjórnin áfram ákveða rekstrar- og starfsáætlun hennar og samþykkja ársreikning samkvæmt 3. og 6. tölul. 4. gr. laganna. Ekki kemur skýrt fram hvernig það samrýmist fyrirhuguðu ákvæði um að póstmálefni heyri ekki undir stjórnina.

Í 47. lið inngangsorða tilskipunar 2008/6/EB er lögð áhersla á að innlend eftirlitsyfirvöld hafi öll nauðsynleg úrræði hvað varðar starfslið, sérfræðiþekkingu og fjármagn. Að mati samtakanna leikur vafi á að fullnægjandi trygging fyrir þessum úrræðum felist í lögunum ef stjórn stofnunarinnar ákveður heildarramma rekstrar og starfsmannahalds án skýrrar afmörkunar póstmála.

Fjárhagslegur aðskilnaður

Póstrekendur greiða árlega rekstrargjald sem nemur 0,4% af árlegri bókfærðri veltu samkvæmt 2. mgr. 43. gr. laga um póstþjónustu. Tekjur af gjöldum samkvæmt greininni renna almennt í ríkissjóð, með þeim undantekningum sem þar eru tilgreindar, en ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar ákveða Byggðastofnun fjárveitingu sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af gjöldunum.

Ekki fæst hins vegar séð að lögin tryggi með skýrum hætti að þeirri fjárveitingu sé innan stofnunarinnar eingöngu ráðstafað til verkefna samkvæmt lögum um póstþjónustu. Fyrirmynd að reikningslegum aðskilnaði er þegar í 3. mgr. 11. gr. laga um Byggðastofnun, þar sem mælt er fyrir um aðskilnað lánastarfsemi frá annarri starfsemi. Sambærileg regla um póstmál myndi auka gagnsæi og gera auðveldara að sannreyna ráðstöfun fjármunanna.

Nýleg og nærtæk fyrirmynd að slíkum aðskilnaði er jafnframt 3. gr. laga nr. 24/2006 um faggildingu o.fl. Þar er sérstaklega mælt fyrir um að Faggildingarsvið Hugverkastofunnar skuli vera faglega og fjárhagslega sjálfstætt og að starfsemi þess sé fjárhagslega og faglega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar.

Lokaorð

Samtökin leggjast ekki gegn markmiðum frumvarpsins um að efla sjálfstæði póstmála. Til að slík markmiðið náist þarf sjálfstæðið að taka til allra verkefna stofnunarinnar samkvæmt lögum um póstþjónustu og skýrt þarf að afmarka vald stjórnar yfir fjármunum, starfsfólki og starfsáætlun málaflokksins. Reikningslegur og fjárhagslegur aðskilnaður og sérstök upplýsingagjöf með ársreikningi eru hóflegar ráðstafanir sem myndu eyða verulegum hluta þess vafa.

Samtökin eru reiðubúin að koma á fund nefndarinnar og gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu

Kristinn Már Reynisson

Kristinn Már Reynisson
lögfræðingur